

Frá: Hrafnhildur Ýr Erlendsdóttir <hrafnhildur.erlendsdottir@hrn.is>

Sent: miðvikudagur, 6. júlí 2022 15:18

Til: Regína Ásvaldsdóttir <Regina.Asvaldsdottir@reykjavik.is>

Afrit: Jón Magnús Kristjánsson <jon.kristjansson@hrn.is>; Heilbrigðisráðuneytið <hrn@hrn.is>;
Upplýsingar - Pósthólf Símmaver <upplýsingar@reykjavik.is>

Efni: Óskað er tilnefninga í viðbragðsteymi um bráðapjónustu í landinu

Tilvísun í mál: HRN22060053

Velferðarsvið Reykjavíkur

Heilbrigðisráðherra óskar eftir tilnefningu í viðbragðsteymi um bráðapjónustu í landinu. Hlutverk teymisins er að setja fram ítarlega og tímasetta áætlun til næstu 3-5 ára um breytingar og umbætur í bráðapjónustu á landinu öllu með það að markmiði að bæta þjónustu, minnka sóun og auka árangur. Samstarf allra aðila sem koma beint og óbeint að bráðapjónustu er nauðsynlegt til að tryggja fullnægjandi og örugga þjónustu til framtíðar. Viðbragðsteyminu verður gert að skila tillögum um aðgerðir í bráðapjónustu til ráðherra fyrir 15. nóvember nk.

Teymið skal hafa aðgerðaáætlun ráðuneytisins um sjúkraflutninga og bráðapjónustu sem að meginefni er byggð á skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag sjúkraflutninga til hliðsjónar, þar sem við á. Sjá viðhengi.

Í teyminu munu sitja fulltrúar frá heilbrigðisráðuneyti, embætti landlæknis, Sjúkratryggingum Íslands, Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvum, heilbrigðisstofnunum allra heilbrigðisumdæma landsins, velferðarsviði Reykjavíkur, Læknavaktinni, Samtökum heilbrigðisfyrirtækja, Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Almannavörnum, Landsbjörgu, Neyðarlínunni, fagráði sjúkraflutninga og Rauða krossinum. Ráðgert er að teyminu verði skipt í minni vinnuhópa sem hver um sig mun fjalla um ákveðna þætti bráðapjónustu. Formaður teymisins verður Jón Magnús Kristjánsson, starfsmaður ráðuneytisins og sérfræðingur í bráðalækningum.

Óskað er tilnefninga eins fulltrúa frá hverjum og annars til vara. Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í teymið og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Þess er vinsamlega óskað að umbeðnar tilnefningar, ásamt upplýsingum um kennitölur og netföng þeirra aðila sem tilnefndir verða, berist ráðuneytinu sem fyrst en fyrsti fundur hópsins er áætlaður 17. ágúst kl. 13.

Ekki er gert ráð fyrir að greidd verði þóknun fyrir setu í viðbragðsteyminu.

Fyrir hönd ráðherra,



Hrafnhildur Ýr Erlendsdóttir, sérfræðingur / Special Advisor

Heilbrigðisráðuneyti / Ministry of Health

Síðumúli 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8700

www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)